



Stjórnháttayfirlýsing

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er verið að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins á árinu 2015. Sjóðurinn vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda vegna atriða er varða hluthafafundi og hluthafa.

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykktu sjóðsins. Sjóðnum var lokað fyrir nýja sjóðfélaga 1. júlí 1998.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum sjóðsins.

Stjórnarhættir

Lífeyrissjóðurinn leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint. Í reglunum er fjallað um verksvið stjórnar, boðun stjórnarfunda, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður, hagsmunatengsl og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Í leiðbeiningunum er hvatt til þess að stjórn skipi starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, um laun og önnur starfskjör. Þar sem sjóðurinn er í umsýslu hjá Brú lífeyrissjóði á hún ekki við hjá sjóðnum.

Þá hvetja leiðbeiningarnar til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi en hún á ekki við hjá sjóðnum.

Lög, reglur og tilmæli

Lífeyrissjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili sbr. lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lög, reglur og tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (FME), www.fme.is.

Innri reglur og stefnur sjóðsins eru m.a. eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar
- Siðareglur
- Reglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar
- Starfsreglur samstarfnefndar LsRb
- Fjárfestingastefna
- Áhættustefna
- Stefna um áhættuvilja
- Hluthafastefna
- Stefna um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum



- Stefna um upplýsingaöryggi
- Útvistarstefna

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi reglum FME og stöðlum. Áhættustýring hefur mótað eftirlitskerfi þar sem áhættur í starfsemi sjóðsins eru greindar, metnar og vaktaðar. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda sem starfa fyrir sjóðinn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sem starfa fyrir sjóðinn hafi þekkingu á hlutverki sínu hvað það varðar og taki virkan þátt.

Sviðsstjóri áhættustýringar hjá Brú lífeyrissjóði er ábyrgðarmaður með framkvæmd og eftirfylgni með áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi hefur hann beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn og endurskoðunarnefnd.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins er skipulagt með það að markmiði að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum og reglum sé framfylgt. Innri endurskoðun yfirfer árlega virkni innra eftirlits sjóðsins. Að framkvæmd innra eftirlits koma allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Innra eftirlit sjóðsins byggir meðal annars á verkferlum, starfslýsingum, skýrsluskilum, upplýsingagjöf, aðgreiningu starfa og aðgangsstýringum.

Stjórn

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktu sjóðsins. Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfssemi sjóðsins. Hún mótar og ber ábyrgð á skipulagi og virkni innra eftirlits. Stjórn hefur samið við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Jafnframt ræður hún löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast ytri endurskoðun sem og tryggingastærðfræðing til að sjá um tryggingafræðilega athugun.

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar sem tengdar eru almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á vef sjóðsins.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu
- Mat á óhæði og eftirlit með störfum endurskoðanda
- Leggja fram tillögu um val á innri og ytri endurskoðanda.



Endurskoðun

Ársreikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðenda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrtækja. Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerir tillögu um val á bæði innri og ytri endurskoðanda.

Skipan stjórnar og stjórnarnamenn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Borgarráð Reykjavíkurborgar skipar þrjá stjórnarmenn, tveir eru skipaðir af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Varamenn eru skipaðir eins og aðalmenn. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og tók ný stjórn til starfa í september 2018. Aðalmenn í stjórn sjóðsins frá þeim tíma eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir sem er formaður stjórnar, Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson, Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson.

Í endurskoðunarnefnd eru Birgir Björn Sigurjónsson formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.

Sjálfsmat stjórnar

Stjórn gerði sjálfsmat á árinu 2018 á sínum störfum. Niðurstaða matsins mun nýtast til að þróa og móta starfshætti sjóðsins betur en matið tók m.a. á skipan, skipulagi, eftirliti og upplýsingagjöf.

Fjöldi funda og mæting

Á árinu 2018 voru haldnir 11 stjórnarfundir og 1 námskeið. Upplýsingar um fundarsókn einstakra stjórnarmanna koma fram í eftirfarandi upplýsingum um hvern og einn stjórnarmann.

Á árinu 2018 fundaði endurskoðunarnefnd 10 sinnum.

Stjórnarmenn

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er formaður stjórnar

Þórdís Lóa hefur setið í stjórn sjóðsins frá því í september 2018. Hún er borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Viðreisn, formaður borgarráðs og situr í stjórn Faxaflóahafna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þórdís Lóa er með BA í félagsfræði og meistaraþróf í rekstrarhagfræði og félagsráðgjöf. Hún hefur sinnt stjórnunarstörfum bæði á opinbera og almenna markaðnum. Þórdís Lóa sat 4 stjórnarfundir á árinu 2018.

Ása Clausen

Ása hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2011 en hún starfar sem fjármálastjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og hefur setið í mörgum nefndum og ráðum fyrir hönd félagsins. Ása sat 11 stjórnarfundir á árinu 2018.

Janus Arn Guðmundsson

Janus Arn hefur setið í stjórn frá því í september 2018. Janus Arn er framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Hann er stjórnsmálafræðingur að mennt. Hann hefur starfað hjá Háskóla Íslands við eflingu tengsla Háskólans við atvinnulífið, en hann hefur verið virkur frumkvöðull. Hann hefur verið virkur í félagsstörfum og setið í mörgum nefndum og ráðum. Janus Arn sat 4 stjórnarfundir á árinu 2018.

Rannveig Ernudóttir

Rannveig hefur setið í stjórn sjóðsins frá því í nóvember 2018. Hún er varaborgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Pírata og situr í öldrunarráði. Rannveig er með BA í guðfræði og tómsunda- og félagsmálafræði og stundar diplómanám í öldrunarfræðum. Rannveig er virknipjálfi í þjónustukjarna aldraðra við Dalbraut. Hún hefur verið virk í félagsstörfum og setið í mörgum nefndum og ráðum. Rannveig sat 2 stjórnarfundir á árinu 2018.



Porgrímur Hallgrímsson

Porgrímur hefur setið í stjórn frá 2011 en hann er rekstrarstjóri hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Porgrímur sat 11 stjórnarfundum á árinu 2018.

Alexandra Briem

Alexandra Briem sat í stjórn sjóðsins frá september til nóvember 2018. Hún er borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Pírata og situr í velferðaráði, skóla og frístundaráði og innkaupráði. Alexandra sat 1 stjórnarfund á árinu 2018.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Heiða Björg sat í stjórn sjóðsins sem formaður frá júní 2017 til september 2018. Hún er borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Samfylkinguna er nefndarmaður í borgarráði og velferðarráði og situr í stjórn Félalagsbústaða og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Heiða Björg er með Fil.kand próf í næringarrekstrarfræði, meistarapróf í viðskiptafræði og næringarekstrarfræði og diploma í jákvæðri sálfræði, Hún er varaformaður Samfylkingarinnar og hefur setið í mörgum stjórnnum, ráðum og nefndum. Heiða Björg sat 8 stjórnarfundum á árinu 2018.

Halldór Halldórsson

Halldór kom inn sem varamaður í stjórn á árinu 2016 og aðalmaður 2017 til september 2018. Hann var borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann var formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006 til 2018. Hann starfaði sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í 12 ár og þar áður við sjávarútveg og eigin fyrirtæki. Hann situr í fjölda nefnda, stjórna og ráða. Halldór er viðskiptafræðingur og er með meistaragráðu í mannauðsstjórnun. Halldór sat 5 stjórnarfundum á árinu 2018.

Heiðar Ingi Svansson

Heiðar Ingi sat í stjórn sjóðsins frá árinu 2014 til september 2018. Hann er viðskiptafræðingur að mennt en hefur lengst af starfað við bókaútgáfu og er framkvæmdastjóri IÐNÚ útgáfu og formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. Heiðar hefur starfað á vettvangi borgarmála í Reykjavík síðan 2010, fyrst með Besta flokknum en síðan með Bjartri framtíð. Heiðar Ingi sat 6 stjórnarfundum á árinu 2018.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Herdís Anna var varamaður í stjórn frá árinu 2014 til 2018. Herdís var varaborgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún er með diplómu í alþjóðaviðskiptum og meistaragráðu í viðskiptastjórnun og starfar sem framkvæmdastjóri Þyrlubjónustunnar. Herdís Anna sat 1 stjórnarfund á árinu 2018.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gerður Guðjónsdóttir.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 27. mars 2019.